

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi Fundargerð

117. stjórnarfundur Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi var haldinn þriðjudaginn 20. september 2022, kl. 10:00. Fundurinn var haldinn á Teams.

Mætt: Anna Jóna Kristjánsdóttir, Björn Bjarki Þorsteinsson, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Lilja Björg Ágústsdóttur og Silja Eyrún Steingrímsdóttir.

Björn Bjarki Þorsteinsson formaður stjórnar ritaði fundargerð í fjarveru framkvæmdastjóra.

Formaður bauð alla velkomna og gengið var til dagskrá.

Dagskrá fundar:

1. Daglegur rekstur Símenntunar

Formaður kynnti að framkvæmdastjóri muni senda á stjórn minnisblað á næstu dögum varðandi stöðuna á rekstri miðstöðvarinnar núna á fyrstu metrum starfsseminnar á haustmisseri.

Rætt um gjaldtöku fyrir prófaumsjón fyrir háskólanema og aðra en Símenntunarmiðstöðin hefur undanfarin ár séð um þetta verkefni án þess að taka neitt fyrir. Stjórn samþykkti einum rómi að taka upp gjaldskrá og frá og með 1. september 2022 verði stuðst við sömu gjaldskrá og Háskólafélag Suðurlands hefur stuðst við, sjá:

<https://hfsu.is/nemendathjonusta/?fbclid=IwAR2GX7gQtb-FE2DiCx-3yMLMKYdBzTesnxqgwQdcisd19UsWg3VEwrLi5b8>

2. Ráðning nýs framkvæmdastjóra Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands

Formaður kynnti að það hefðu komið 13 umsóknir í starf framkvæmdastjóra. Hagvangur hefur yfirfarið umsóknir og leggur til að tekið verði viðtal við 6 umsækjendur og munu þau fara fram n.k. föstudag. Formaður stjórnar ásamt þeim Hrafnhildi og Önnu Jónu munu taka þátt í viðtölum ásamt fulltrúa Hagvangs. Stjórn mun í framhaldi þessara viðtala halda stuttan fund til að ákvarða næstu skref.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 10:20